

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 8 23. janúar 1968.

1. gr.

Við 3. gr. bætist nýr töluliður 6, svo hljóðandi:
Þegar jarðstrengsheimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina þegar jarðstrengsheimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvorutveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Þegar breytingar af þessu tagi fara fram í heilum hverfum er heimilt að jafna gjöldunum niður á húseigendur.

2. gr.

13. gr. gjaldskrárinnar hljóði svo:

- a. Rafmagnsveitu Reykjavíkur er heimilt að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar samkvæmt hlutfallsgrundvelli, sem fæst úr síðasta ársreikningi rafmagnsveitunnar, enda sé grundvöllurinn lagður fyrir stjórn veitustofnana borgarinnar til staðfestingar. Ef fyrirhuguð gjaldskrárhækkun nemur meira en 20%, skal leita staðfestingar ráðherra.

Þættir þeir, sem tekið skal tillit til, eru: orkukaup, verðjöfnunargjald, laun, vélakostnaður og efni. Gjaldskrárbreytingar samkvæmt framansögðu er heimilt að framkvæma allt að tvisvar á ári, jafnan miðað við 1. janúar og 1. júlí. Fyrirhugaðar gjaldskrárbreytingar skulu tilkynntar Orkustofnun, áður en þær taka gildi.

Telji Borgarstjórn Reykjavíkur nauðsyn á, að ráðstafanir séu gerðar til að draga úr rafmagnsnotkun, er henni m. a. heimilt að hækka rafmagnsverðið á notkun umfram meðalnotkun í hverjum gjaldskrárlið allt að 10-földu verði. Í útreikningi meðalnotkunar skal tekið tillit til orku- og aflþarfar.

- b. Verð orku um hvern mæli reiknist í heilum krónum, þannig að færri aurum en 50 sé sleppt, en ella sé upphæðin hækkuð upp í næstu heila krónu.

3. gr.

Aftan við gjaldskrána bætist ný grein, er verði 21. gr. svo hljóðandi:

Gjaldskrá þessa skal endurskoða í heild eigi síðar en að fimm árum liðnum.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnumálaráðuneytið, 11. júlí 1969.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.